

9. Kærum.

9.1 Rísi ágreiningur varðandi framkvæmd þessara talnagetrauna, skal viðkomandi þátttakandi senda skriflega kæru, sem skal hafa borist aðalskrifstofu Íslenskrar getspár fyrir kl. 16 á tuttugasta og fyrsta degi frá og með útdráttardegi að telja. Úrskurðaraðili skipaður af dómsmálaráðuneytinu samkvæmt lið 10.2 úrskurðar um kærana innan 15 daga frá því að kærufrestur rann út. Kærum vegna 1. vinnings í Víkingalottói sem nema 200.000 ECU eða meiru skulu þó úrskurðaðar af aðalstjórn Víkingalottós samkvæmt lið 3.4 í starfsreglum fyrir Víkingalottó.

10. Eftirlit.

- 10.1 Dómsmálaráðuneytið skipar eftirlitsmenn til þriggja ára í senn til að annast eftirlit með allri framkvæmd talnagetrauna Íslenskrar getspár.
- 10.2 Til að úrskurða kærum samkvæmt lið 9.1 skipar dómsmálaráðuneytið til þriggja ára í senn mann sem fullnægir skilyrðum til að vera dómari og einnig varamann sem fullnægir sömu skilyrðum.
- 10.3 Eftirlit með tölvukerfi Íslenskrar getspár skal vera í höndum endurskoðunarskrifstofu sem ráðuneytið samþykkir.
- 10.4 Kostnað við almennt eftirlit með getraunastarfseminni, eftirlit með útdrætti vinninga og meðferð kæra greiðist af Íslenskri getspá samkvæmt úrskurði dómsmálaráðuneytisins.

11. Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26 2. maí 1986, öðlast gildi 20. mars 1998. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 86 frá 24. febrúar 1993 ásamt síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. febrúar 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um samstarf um almannavarnir.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, hefur verið ákveðið:

að Austur-Húnavatnssýsla og Vestur-Húnavatnssýsla myndi eina almannavarnanefnd og myndi þannig samstarf um almannavarnir á svæðinu.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. febrúar 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Hjalti Zóphóníasson.